

Útkall (e. Open Call) – stýrihópur heimsmarkmiða í skátastarfi - Byggjum betri heim

Tímabil: 1. febrúar 2019 – 1. febrúar 2021

Að byggja betri heim er meginmarkmið skátastarfs. Heimsbandalögin WOSM og WAGGGS vinna bæði markvisst að heimsmarkmiðunum í skátastarfi og skátaping 2018 samþykkti þingsályktunartillögu þess efnis að skátafélög væru hvött til að vinna að heimsmarkmiðunum. Fjöldmörg atriði í skátastarfi falla að heimsmarkmiðunum og tækifærin til að byggja betri heim eru mörg. Til að grípa þessi tækifæri og hvetja skáta á Íslandi til að vinna að heimsmarkmiðunum í orði og borði hefur stjórn BÍS ákveðið að stofna stýrihóp til tveggja ára.

Hugmyndir að verkefnum fyrir stýrihópinn:

- Vera með yfirsýn á tækifæri þar sem skátar geta unnið að heimsmarkmiðunum í sínu nærumhverfi og á Íslandi almennt. Finna út leiðir fyrir skátastarf á Íslandi til að vinna að sjálfbærri þróun með beinum hætti.
- Hafa frumkvæði að því að stofna til langtíma- og/eða átaksverkefna um heimsmarkmiðin á vegum BÍS í umsjón tímabundinna vinnuhópa að loknu útkalli (e. open call). T.d. dagskrárefni, viðburði, námskeið, beinn stuðningur við skátafélögin, heimsmarkmiða-þjálfara o.fl.
- Hvetja til umræðu um heimsmarkmiðaverkefni sem skátar á Íslandi vinna að með það að leiðarljósi að skátahreyfingin komi sjónarmiðum sínum um valdeflingu ungmenna og sjálfbæra þróun á framfæri við stjórnvöld.
- Leggja fram tillögur til stjórnar BÍS um samstarf við utanaðkomandi aðila.
- Vera í samráði við alþjóða- og dagskrárráð BÍS varðandi innleiðingu erlendra verkefna s.s. Scouts of the World Award, Messengers of Peace og World Scout Environment Programs o.fl.

Auglýst er eftir öflugum fólki með þekkingu og ástríðu gagnvart sjálfbærri þróun og valdeflingu ungmenna og hefur haldbæra reynslu sem nýtist við fjölbreytt verkefni stýrihópsins.

Nánari upplýsingar veita Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi marta@skatar.is og Margrethe Grönvold Friis erindreki margrethe@skatar.is Umsóknir sendist á netfangið veramemm@skatar.is

Umsóknareyðublað er [hér](#).

Umsóknarfrestur er til 25. janúar 2019.

Fulltrúar úr stjórn BÍS munu skipa einn eða tvo umsækjendur til að móta og leiða stýrihópinn.

Öllum umsækjendum verður svarað fyrir 1. febrúar nk.

Umsókn í útkall (e. Open Call)

Á vegum Bandalags íslenskra skáta

Nafn:	Kennitala:
Skátafélag/núverandi hlutverk:	Netfang:
Heiti verkefnis: Stýrihópur heimsmarkmiða	Sími:
Tímarammi: Byrjar dags: 1. febrúar 2019	Lokið dags: 1. febrúar 2021
Meðmælendur:	
Ástæða þess að þú sækir um að fara í þennan vinnuhóp:	

Markmið verkefnis:

Byggjum betri heim er meginmarkmið skátastarfs. Heimsbandalögin WOSM og WAGGGS vinna bæði markvisst að heimsmarkmiðunum í skátastarfi og skátaþing 2018 samþykkti þingsályktunartillögu þess efnis að skátafélög væru hvött til að vinna að heimsmarkmiðunum. Fjöldmörg atriði í skátastarfi falla að heimsmarkmiðunum og tækifærin til að byggja betri heim eru mörg. Til að grípa þessi tækifæri og hvetja skáta á Íslandi til að vinna að heimsmarkmiðunum í orði og borði hefur stjórn BÍS ákveðið að stofna stýrihóp til tveggja ára.

Lýsing á verkefninu:

Stýrihópurinn ákveður sjálfur hvernig hann ætlar að uppfylla markmið hópsins.

Hugmyndir að verkefnum fyrir stýrihópinn:

- Vera með yfirsýn á tækifæri þar sem skátar geta unnið að heimsmarkmiðunum í sínu nærumhverfi og á Íslandi almennt. Finna út leiðir fyrir skátastarf á Íslandi til að vinna að sjálfbærri þróun með beinum hætti.
- Hafa frumkvæði að því að stofna til langtíma- og/eða átaksverkefna um heimsmarkmiðin á vegum BÍS í umsjón tímabundinna vinnuhópa að loknu útkalli (e. open call). T.d. dagskrárefni, viðburði, námskeið, beinn stuðningur við skátafélögin, heimsmarkmiða-þjálfara o.fl.
- Hvetja til umræðu um heimsmarkmiðaverkefni sem skátar á Íslandi vinna að með það að leiðarljósi að skátahreyfingin komi sjónarmiðum sínum um valdeflingu ungmenna og sjálfbæra þróun á framfæri við stjórnvöld.
- Leggja fram tillögur til stjórnar BÍS um samstarf við utanaðkomandi aðila.
- Vera í samráði við alþjóða- og dagskráráð BÍS varðandi innleiðingu erlendra verkefna s.s. Scouts of the World Award, Messengers of Peace og World Scout Environment Programs o.fl.

Framkvæmd:

Stýrihópur heimsmarkmiða er ætla að vera með yfirsýn á þau verkefni sem snúa að heimsmarkmiðunum og virkja fleira fólk til að taka þátt í framkvæmd þeirra.

Æskileg þekking/reynsla/áhugi sem nýtist í verkefninu:

Auglýst er eftir öflugum fólki með þekkingu og ástríðu gagnvart sjálfbærri þróun og valdeflingu ungmenna og hefur haldbæra reynslu sem nýtist við fjölbreytt verkefni stýrihópsins.

Ákvæði vegna tímalínu og skilum á verkefni:

Hópurinn skilar umsjónarmanni í stjórn BÍS tímalínu verkefna stýrihópsins. Umsjónarmaður og samstarfsaðili á skrifstofu geta kallað eftir stöðuyfirliti á framkvæmd verkefnis og hvort verkefni séu á áætlun.

Ef starfsemi stýrihópsins gengur ekki sem skyldi eða ef vandkvæði verða á að fylla útdráttinn með gögnum aðnum heimilt að rifta samningi um verkefnið.
Ef af því verður skuldbinda meðlimir stýrihópsins sig til að skila inn öllum gögnum sem tilheyra verkefnum hópsins.

Lokafrestur til að senda inn umsókn er föstudagur 25. janúar 2019

Umsókn sendist á netfangið: veramemm@skatar.is

Fulltrúar úr stjórn BÍS skipa í stýrihópinn og öllum umsækjendum verður svarað fyrir 1. febrúar nk.

Umsjónarmaður í stjórn BÍS: Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi, marta@skatar.is
Samstarfsaðili á skrifstofu: Margrethe Gronvöld Friis, margrethe@skatar.is